

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti		
ANR	18100050	Ábm.
Málal.	11.02.07	þórir
Mótt.	28.12.2018	
Aths.		



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Sveitarfélagið
Vogar

Vogum, 19. desember 2018
1810028 AE

**Tillaga um sérreglur Sveitarfélagsins Voga vegna úthlutunar
byggðakvóta fiskveiðiársins 2018 – 2019**

Sveitarfélagið Vogar hefur móttekið erindi ráðuneytisins um úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2018 – 2019. Bæjarráð hefur samþykkt að óska eftir að ráðuneytið samþykki sérreglur vegna úthlutunar byggðakvótans:

Óskað er samþykkt verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvótans, þess efnis að heimilt verði að landa aflanum og vinna hann innan sama atvinnusvæðis, þ.e. innan landshlutans. Tildrog beiðninnar eru þau að Hofholt ehf., kt. 571106-0190, hefur sent sveitarféluginu erindi um nýtingu byggðakvótans. Félagið á 30 tonna fiskibát sem er skráður í Sveitarféluginu Vogum. Félagið hefur áform um að taka yfir kræklingaeldi, sem er staðsett í Faxaflóa og hefur verið starfrækt úr Vogum um nokkurra ára bil. Félagið hyggst byggja húsnaði við Vogahöfn, sem nýtist annars vegar fyrir kræklingaeldið en jafnframt sem fiskvinnsla. Áform félgsins eru um að nýta fiskibátinn til fiskveiða samhliða kræklingaeldinu. Þar til fiskvinnsluhúsið er risið áformar félagið að landa aflanum ýmist í Keflavíkurhöfn eða Sandgerðishöfn, en að aflinn verði unnin í Keflavík þar til vinnsla félagsins í Vogum verður tilbúin. Eftir það verði aflinn unnin í Vogum. Áform félgsins bæði hvað varðar fiskvinnsluna og kræklingaeldið hafa í för með sér að ný störf verða til í sveitarféluginu vegna framangreindrar starfsemi.

Til vara er sótt um óbreyttar sérreglur frá fyrra ári:

"Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1.gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið starfestir samkvæmt 2. & 3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2018 – 31. ágúst 2019."

Virðingarfyllst,

Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri



**Vogar
Bæjarstjóri**

